

# Fundargerð 91. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 6. nóvember kl. 13:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Steinþór Þórðarson.

Að auki sátu fundinn Valgerður Rún Benediktsdóttir sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Hugrún Geirsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA**

Fundargerð 90. fundar lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð 90. fundar samþykkt samhljóða.*

**2. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**

Stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum að farið verði af stað með verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs og úthlutað yrði fjármagni til að standa undir verkefninu. Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur sambandsins, greindi nánar frá stöðu verkefnisins. Gengið hefur verið til samninga við tvær ráðgjafastofur til að taka að sér framkvæmd verkefnisins út frá mismunandi vinklum. Er um að ræða PNR og HLH ráðgjöf. Verkefnið verður tvískipt, annarsvegar verða greindar tekjur og kostnaður fimm sveitarfélaga samanborið við innviði og þjónustu sem eru til staðar og hinsvegar að skoða með heildrænum hætti þróun kostnaðar í málaflokknum samanborið við skyldur sveitarfélaga og leggja til leiðir til úrbóta m.a. hvað varðar bókfærslur sveitarfélaga á kostnaði og tekjum. Hluti verkefnisins verður einnig að ná heildstæðu yfirliti yfir tekjur sveitarfélaga frá Úrvinnslusjóði vegna þjónustu sem þau veita vegna úrgangs sem fellur undir ábyrgð sjóðsins. Sambandið mun auglýsa eftir sveitarfélögum til að taka þátt í verkefninu en fimm sveitarfélög verða svo valin úr hópnum umsækjanda út frá ákveðnum valforsendum. Sveitarfélögum sem ekki verður boðin þátttaka verður boðið að taka þátt í sérstökum bakhópi um verkefnið og framvindu þess. Vonir standa til þess að niðurstaða fái næsta vor sem mun þá styðja við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga fyrir árið 2025.

*Verkefnisstjórn fagnar því að þessu verkefni sé formlega hrint úr vör og eru vonir bundnar við að niðurstöðurnar bæti yfirsýn yfir kostnað málaflokksins og styrki sveitarfélög enn frekar í gerð útboða og fjárhagsáætlana sinna.*

### 3. **Söfnun heimilisúrgangs hjá lögaðilum - 2304017SA**

Sveitarfélögum er skv. lögum ábyrg fyrir reglulegri tæmingu íláta og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum og lögaðilum í þéttbýli og ná markmiðum er varða endurvinnslu þess úrgangs sem safnast. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti hefur bent á, í tengslum við gerð nýrrar samþykktar sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs, á grundvelli 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, að fram komi í samþykktum að lögaðilar geti óskað eftir þjónustu sveitarfélaga. Framkvæmdin hefur hingað til í flestum tilfellum verið þannig að lögaðilar hafa leitað þjónustu verktaka. Í 4. Gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, kemur enn skýrar fram að sveitarfélög beri ábyrgð á söfnun og flutningi alls heimilisúrgangs frá heimilum og lögaðilum. Þó er dregið fram að þrátt fyrir ábyrgð sveitarstjórna takmarki það ekki heimild lögaðila til að gera beinan samning við þjónustuaðila um söfnun og flutning heimilisúrgangs frá eigin starfssemi. Ýmis álitamál tengjast þessum ákvæðum laga og reglna um meðhöndlun úrgangs, m.a. þau að óljóst sé með hvaða hætti sveitarfélag geti haft eftirlit með sérsöfnun heimilisúrgangs hjá lögaðilum ef þau sinna ekki söfnun og flutningi. Einnig má ætla að þessi heimild sveitarfélaga til að sinna söfnun heimilisúrgangs hjá lögaðilum snerti á samkeppnissjónarmiðum. Guðjón Bragason, ráðgjafi, og Guðmundur B. Friðriksson, Reykjavíkurborg, komu inn á fundinn og sögðu frá sínum ályktunum hvað varðar sérstaka söfnun frá lögaðilum.

*Verkefnisstjórn ítrekar að mikilvægt sé að ganga úr skugga um hvaða skyldur hvíla á sveitarfélögum hvað varðar söfnun heimilisúrgangs frá lögaðilum. Vanda þarf til verka og ljóst að heimild sveitarfélaga til að hafa eftirlit með því hvort markmiðum um söfnun heimilisúrgangs sé skýr. Kanna þarf hvort mögulegt sé að fá álit lögmanns á þeirri aðstöðu sem til staðar er.*

### 4. **Samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2009210SA**

Samningur sambandsins og Fagráðs um endurvinnslu og úrgang (FENÚR) vegna innleiðingar samnorrænu merkinganna innanlands rennur út um áramótin 2023. Verkpættir samningsins eru fjármagnaðir í gegnum samning sambandsins og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem jafnframt gildir til áramóta. Á samningstímanum hafa komið upp vankantar sem rekja má til þess að rekstur merkjanna er á tveimur stöðum, annarsvegar hjá sambandinu sem er fulltrúi í EUPicto, sem á merkin, og hinsvegar hjá FENÚR. Einnig ber verkefnið þess merki að vera undirfjármagnað. Áður en eldri samningur rennur út, leggur sambandið til að staða verkefnisins sé metin og skoðaðir valkostir um hverjir gætu tekið verkefnið að sér. Sambandið hefur gert minnisblað, dags. 27. október, um málið og kynnti Hugrún Geirsdóttir, sérfræðingur sambandsins, efni þess á fundinum.

Mat sambandsins er að rekstur verkefnisins í höndum FENÚR hefur ekki verið með þeim hætti sem samningurinn kveður á um. Í minnisblaðinu er lagðir fram kostir og gallar þess að FENÚR, SORPA bs., Umhverfisstofnun eða Sambandið taki að sér verkefnið er varðar innleiðingu samræmdra merkinga. Niðurstaða sambandsins er að verkefnið samræmist best núverandi verkefnum og hlutverkum SORPU bs. og Umhverfisstofnunar. Jafnframt

leggur sambandið til að auknu fjármagni verði veitt til verkefnisins samhliða gerðs nýs samnings.

*Verkefnisstjórn telur mikilvægt að kannað verði hvort Sorpa bs. eða Umhverfisstofnun telji forsendur til þess að taka verkefnið að sér.*

#### **5. Móttaka úrgangs í höfnum - 2310052SA**

Hafnarstjórnnum er skylt að koma upp viðunandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum sbr. lög nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr 1200/2014 um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með aðstöðu í höfnum og staðfestir áætlanir hafnaryfirvalda um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa. Markmiðið er að vernda umhverfi sjávar og draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum. Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 gilda ekki fyrir flokkun úrgangs í skipum en mikilvægt er að samræmi sé á milli þess sem flokkað er um borð og hvernig tekið er á móti því í höfnum. Nú liggur fyrir ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 883/2019 um móttökuástöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum. Halla Einarsdóttir, teymisstjóri hafs og vatns hjá Umhverfisstofnun, kom inn á fundinn og kynnti tilskipunina. Markmið tilskipunarinnar er að samræma evrópulöggjöfina við Marpol og úrgangslöggjöfina í landi. Einnig er markmiðið að búa til hvata til þess að úrgangur sem veiðist upp eða verður til á skipum skili sér í land og í réttan farveg.

*Verkefnisstjórn þakkar Höllu fyrir góða kynningu á málinu. Mikilvægt er að upplýsa sveitarstjórnir um ábyrgð við að taka á móti úrgangi í höfnum og er lagt til að þessar upplýsingar komi fram í Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar sem sambandið ásamt Umhverfisstofnun hafa unnið að. Einnig mætti bæta við viðauka í handbókina með sniðmáti um flokkun úrgangs frá höfnum.*

Flosi Hrafn Sigurðsson vék af fundi kl. 15:12

#### **6. Samstarf sambandsins og URN um innleiðingu hringrásarhagkerfis - 2308031SA**

Samstarfssamningur sambandsins og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis rennur út um næstkomandi áramót og þarf að leggja drög að nýjum samningi. Lagðar voru fram tillögur að áherslum nýs samnings. Eygerður Margrétardóttir kynnti tillögurnar sem verkefnisstjórn tók jákvætt undir.

#### **7. Samstarf um bættu úrgangstölfræði - 2009106SA**

Á fundum samstarfshóps um bættu úrgangstölfræði hafa komið fram ákveðnar áhyggjur af stöðu verkefnis um bættu úrgangstölfræði sem er hluti af stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs frá 2021 og Umhverfisstofnun sinnir. Áhyggjurnar beinast einkum að því að vinna í tölfræði úrgangs sé að eiga sér stað á mörgum stöðum, m.a. sé verið að vinna að þróun gagnagrunna bæði hjá Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóði utan um sömu tölfræði. Á sama tíma virðist framvinda þessa verkefnis ekki vera nægilega hröð. Vöntun er á einni miðlægri og samræmdri lausn fyrir alla aðila sem skila

inn magntölum úrgangs til Umhverfisstofnunar sem gæti bæði staðlað skil og auðveldað úrvinnslu.

Verkefnisstjórn óskar eftir að Umhverfisstofnun komi inn á næsta fund stjórnarinnar til að fá nánari upplýsingar um stöðu verkefnis um bættu úrgangstölfræði og hver verði næstu skref.

**8. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA**

Undir átakanu „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ hefur sambandið í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leitt innleiðingarverkefni um Borgað þegar hent er aðferð við innheimtu. Verkefnið snýst um breytta innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs. Hugrún Geirsdóttir greindi frá stöðu verkefnisins en í dag eru 37 sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu og hafa þar af 9 lokið við að yfirfæra innheimtu í álagningarkerfinu yfir í BPHE innheimtu. Önnur sveitarfélög stefna á yfirfærslu fyrir áramót. Ljóst er að verkefninu þarf að halda áfram á næsta ári og leggja áherslu á þjónustu við íbúa og næstu skref í breyttri innheimtu, s.s. útfærslu á BPHE á grenndarstöðvum og álagningu 75% breytilegra gjalda á móti 25% fastra gjalda við næstu fjárhagsáætlanagerð.

**9. Umsagnir sambandsins - 2309042SA**

Undanfarið hefur sambandið veitt umsagnir um þrjú mál er viðkoma úrgangsmálum. Lagðar eru fram umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun (sameining stofnana), dags. 2. október sl., endurskipulagningu stofnana Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 20. október sl. og drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, dags. 20 október sl. Máli frestað til næsta fundar.

**10. Önnur mál - 2009111SA**

Stefán Aspar Stefánsson tilkynnti að hann hafi hafið störf hjá Múlaþingi.

Rut Jónsdóttir spurðist fyrir um endurskoðun á skipuðum varamönnum í stjórnina en lagt var til á fundi í september að fara yfir skipanina. Málið er til skoðunar hjá sviðsstjóra sambandsins.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 15. desember á skrifstofu sambandsins að Borgartúni 30. Gert er ráð fyrir formlegum fundi verkefnisstjórnar fyrir hádegi en vinnufundi eftir hádegi.

Fundi var slitið kl.

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson

---

Steinþór Þórðarson